



Fornleifaskráning í Berufirði, Múlaþingi

Vegna lagningu háspennulínu



Indriði Skarphéðinsson

2024


Forsíðumynd: Rétt í landi Berufjarðar.



© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Nóvember 2024

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið.....	2
Fornleifaskráning	3
Berufjörður.....	3
[3341-001] – hleðsla – rétt	4
Lindarbrekka	4
[3341-002] – tóft – Höskuldartættur/Hjalli.....	4
[3341-003] – hleðsla – útihús	6
[3341-004] – gata – leið.....	6
[3341-005] – gata – leið.....	7
Eyjólfsstaðir	7
[3341-006] – niðurgröftur - brunnur	7
[3141-007] – Hleðsla - óþekkt	8
Niðurstöður	8
Heimildaskrá:.....	9
Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis	11
Berufjörður.....	11
Lindarbrekka	12
Eyjólfsstaðir	13
Samantekt.....	14
Viðauki II. Minjakort.....	14




Abstract

RARIK hired Sagnbrunnur ehf, to conduct an archaeological survey of an area affected by a planned electrical cable in Berufjörður, Múlaþing. The project has the registration nr. 3341. During fieldwork seven features were surveyed, out of which four are considered to be at risk because of the project. Part of the area had been surveyed before and five features from previous surveys are at risk because of the project, totalling in ten features at risk. In those cases, counter-measures were suggested to prevent any disruption of the protected archaeological remains, such as changes to the planned route of the cable where possible. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Inngangur

Að beiðni RARIK var starfsmaður Sagnabrunns ehf. ráðinn til fornleifaskráningar í Berufirði vegna lagningu háspennustrengs. Fulltrúi verkkaupa var Kári Snær Valtingoer og fékk fornleifaskráningin verkefnanúmerið 3341 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningarinnar var að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á strengleiðinni, ásamt því að skoða lagnaleiðina á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Í heildina voru sjö minjar skráðar á vettvangi, en aðeins fimm þeirra teljast í hættu vegna framkvæmdanna. Ásamt þeim eru fimm minjar úr fyrri fornleifaskráningum á svæðinu sem teljast í hættu, heildarfjöldi minja sem stafar hættu af framkvæmdunum er því tíu.

Skráningarsvæðið



Mynd 1. Skráningarsvæðið í botni Berufjarðar.

Svæðið sem fornleifaskráningin nær til liggur umhverfis fyrirhugaða legu strengsins frá landi Hvannabrekku inn Berufjörð, út að Lindarbrekku og áfram inn að Eyjólfsstöðum í Fossárdal.

Fornleifaskráning hefur áður verið framkvæmd á hluta svæðisins (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2018), (Þóra Pétursdóttir 2008), (Guðmundur Ólafsson 1998), (Ragnheiður Traustadóttir & Indriði Skarphéðinsson 2021), & (Rannveig Þórhallsdóttir 2023). Ekki standast allar fyrri fornleifaskráningarnar núverandi staðla Minjastofnunar um uppmælingu minja og voru í þeim tilvikum áður skráðar minjar mældar upp. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Farið var á vettvang þann 17. september síðastliðinn og skráningarsvæðið tekið út, þar sem fornleifar fundust í eða við svæðið voru þær mældar upp með Trimble Nomad 5-tæki, myndaðar og minjunum lýst.

Fornleifaskráning

Í heildina voru sjö minjar skráðar á vettvangi, fjórar í landi Lindabrekku, ein í landi Berufjarðar og tvær í landi Eyjólfsstaða.

Berufjörður

Berufjarðar er fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups um 1200 og svo síðar í máldögum frá árunum 1370, 1397, 1482, 1491, 1518 og 1575. Berufjörður var kirkjustaður, metinn á 30 hdr árin 1696, einnig 1804 en þá með tveim hjáleigum (Jarðatal Johnsen 1847:378-9). Þekkt eru sjö afbýli í Berufjarðarlandi (Ármann Halldórsson 1976:26).

Innan skráningarsvæðisins var aðeins skráð ein fornleif í landi Berufjarðar, um er að ræða rétt [3341-001].

[3341-001] – hleðsla – rétt

Minjarnar eru staðsettar stutt innan við Krosslæk, þétt við túnið og stutt neðan við veg. Um er að ræða hringlaga, grjóthlaðna rétt með hringlaga hólfi í miðjunni og fimm hólfi sem ganga út frá því. Gengt er á milli ytri hólfa inn í hólfið í miðjunni og er sjáanlegt timburverk í inngöngunum. Grjóthleðslan er nokkuð heilleg, mest allt að 5-6 steinaraðir á hæð og um 2-3 á þykkt. Hæð veggja er á bilinu 0,5-1,2 m og þykkt þeirra um 0,8-1,5 m. Ekki er ljóst hvenær réttin var reist en hún hefur verið í notkun nokkuð langt inn á 20. öldina.



Mynd 2. Rétt [3341-001], mynd tekin til austurs.

Lindarbrekka

Lindarbrekka er nýbýli úr landi Eyjólfsstaða og Berufjarðar við svokallað Selnes undir Fossárfelli, stofnað árið 1948 (Ármann Halldórsson 1976:402). Tvö eyðibýli eru þekkt við Selnes: Höskuldartættur/Hjalli þétt undir hlíðum Fossárfells og Selnes niður við sjó yst á nesinu (Guðmundur Ólafsson 1998:9), (Ármann Halldórsson 1976:401). Skráðar voru farnar minjar í og við skráningarsvæðið í landi Lindarbrekku, um er að ræða tóft [3341-002], hleðslu [3341-003] og götur [3341-004 & -005].

[3341-002] – tóft – Höskuldartættur/Hjalli

Höskuldartættur voru skráðar af Guðmundi Ólafssyni árið 1998, tætturarnar eru staðsettar á hjalla undir brattri stórgrýttri hlíð um 170 m ofan við bæjarhúsin á Lindarbrekku. Í lýsingu Guðmundar segir:

„Býlið er byggt upp að stórum steini og virðist aðeins hafa verið 2 - 3 sambyggð herbergi. Gaflar snúa í austur - vestur. 4.1 Herbergi sem er um 4 x 2 m að innanmáli. Veggjahæð innan í tóftinni er allt að 1,2 m. Veggjapykkt er að jafnaði um 1 m. Ekki er alveg ljóst hvar inngangur hefur verið í húsið, en smátt rof við suðvesturhornið bendir til þess að þar hafi verið inngangur mót suðri. Suðurhliðin er allt að 1,5 m há. Vesturgaflinn er um 1 m hár og við hann utanverðan virðist vera stallur. Það er e.t.v. vísbending um að timburþil hafi verið á efri hluta gaflsins. 4.2 Lítið herbergi vestur af herbergi 1. Það er um 2,5 x 1 m að

innanmáli. Um 60 cm breiður gangur virðist hafa verið á milli herbergis 1 og 2 á millivegg sem er um 1 - 1,5 m þykkur. 4.3 Fjárhús? Svæði sem er um 4 x 2 m að innanmáli norðan við og samsíða herbergi 1. Ekki hefur verið innangengt í áðurnefnd herbergi 1 og 2. Gaflar eru um 30 - 40 cm háir eða mun lægri en á hinum herbergjunum. Stórt bjarg sem er um 4 x 3 m að þvermáli myndar norðurhliðina og má ætla að reft hafi verið yfir svæðið til að mynda þak. Hugsanlega hefur þetta verið fjárhús. Í norðvesturhorninu er bogadregin steinhleðsla um 1,5 x 1 m að innanmáli. Hleðslan er úr hellum í um 50 cm hæð í einfaldri röð. Svo virðist sem inngangur hafi verið verið framan við steininn mót norðri. Dregin var upp lausleg skissa af tóftunum og þær ljósmyndaðar.

Þess má geta að tætturnar voru þannig útlits og svo litlar um sig að ef ekki hefðu legið fyrir upplýsingar um að þetta væri lítið kot hefði skrásetjari talið þær vera útihús. “(Guðmundur Ólafsson 1998:8-9)



Mynd 3. Höskuldartættur [3341-002], mynd tekin til norðausturs.

Voru minjarnar staðsettar og mældar upp, lýsing Guðmundar á enn vel við en ekki er að sjá að útlit minjanna hafi eitthvað breyst á síðustu 25 árum.

[3341-003] – hleðsla – útihús

Minjarnar eru staðsettar tæpa 200 m utan við bæjarhúsin á Lindarbrekku. Um er að ræða L-laga grjóthleðslu, styrkta með steypu upp við stórgrýti sem þjónar sem norðurveggur mannvirkisins. Mannvirkið er opið til suðurs, vegghæð hleðslunnar er á bilinu 0,8-1 m á hæð og þykkt hennar á bilinu 1-1,2 m. Fúnar timburleifar



Mynd 4. Hleðsla [3341-002], mynd tekin til austurs.

lágu inni í mannvirkinu og ekki er ólíklegt að timburkofi hafi staðið innan hleðslunnar. Minjarnar eru að öllum líkindum frá 20. öldinni og ekki er ljóst hvort þær nái 100 ára aldri og njóti aldursfriðunar.

[3341-004] – gata – leið

Minjarnar eru greinilegar í bútum á um 300 m löngum kafla utan við bæinn á Lindarbrekku í hlíðinni stutt ofan við núverandi þjóðveg. Gata er að hluta til hlaðin upp með grjóti og er um 3 m á breidd. Á



Mynd 5. Gata [3341-004], mynd tekin til norðvesturs.

Herforingjaráðskorti frá 1935 má sjá að vegur liggur þarna um svæðið (Herforingjaráðskort).

Vegleysa var í Berufirði um lok seinna stríðs, undantekning var t.d. hlaðinn vegarspotti sem Guðjón frá Laxnesi lét hlaða 1905, mögulega vegslóðin samtíma því (Ingimar Sveinsson 2004).

Erfitt er að segja til um aldur götunnar en líklegast er hún gerð snemma eða um miðbik 20. aldar og ekki er ljóst hvort um aldursfriðaðar fornleifar sé að ræða.

[3341-005] – gata – leið

Vegur sem liggur undir klettabelti frá svokölluðum Arnarbólshjalla og sameinast svo veginum sem liggur inn í Fossárdal. Vegbúturinn er um 3 m breiður slóði, ekki sjást nein merki um hleðslu og hefur honum líklega verið rutt með ýtu. Minjarnar eru að öllum líkindum frá miðbiki 20. aldar og teljast því ekki til friðaðra fornleifa.



Mynd 6. Gata [3341-005], mynd tekin til suðvesturs.

Eyjólfsstaðir

Byggðar í Fossárdal er fyrst getið í rituðum heimildum árið 1703 og þá er aðeins ein jörð í dalnum, hjáleiga frá Berufirði sem nefnd er Fossárdalur. Dalurinn lá svo í eyði í nokkra áratugi á seinni hluta 18. aldar en árið 1783 byggir Eyjólfur Jónsson býli í dalnum. Árið 1866 eru býlin í dalnum orðin þrjú. Þó að byggðar í Fossárdal sé ekki getið fyrr en 1703 er talið að 11 bæir hafi verið í dalnum fyrir 1402 (Ármann Halldórsson 1976:406)(Lilja Laufey Davíðsdóttir 2018:14).

Í fornleifaskráningu nú voru tvær minjar skráðar á vettvangi, brunnur [3341-006] og hleðsla [3341-007]. Áður hefur farið aðalskráning fornleifa á svæðinu, framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands árið 2018. Fimm minjar sem skráðar voru þá eru í eða við skráningarsvæðið nú, um er að ræða tvö örnefni og þrjár minjar sem eru horfnar.

[3341-006] – niðurgröftur - brunnur

Minjarnar voru skráðar í aðalskráningu Fornleifastofnunar Íslands og fengu þar númerið SM-213:045. Í skráningu FSÍ segir: „Samkvæmt Hafliða Sævarssyni, heimildarmanni, var brunnur fyrir fjárhúsin, um 100 m SSA við bæ 001 og rúmum 45 m austan við garðlag



Mynd 7. Brunnur [3341-006], mynd tekin til suðvesturs.

038. Brunnurinn er í óræktuðu og grasgefnu svæði, í brekkurótum milli heimatúns jarðarinnar og Ássins, mosagróins klettarana. Brunnurinn er 1x1 m að innanmáli og sést sem 0.4 m djúp dæld. Brunnurinn virðist aðeins vera niðurgrafinn og engar grjóthleðslur eru í honum.“ (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2018:29). Svæðið hefur nokkuð breyst frá 2018 en þar hefur nú verið plantað töluvert af furu. Brunnurinn fannst nokkrum metrum norðar en hnit FSÍ gáfu til kynna, voru barmar hans vaxnir nokkuð háu og þykku grasi og var lag hans nokkuð illgreinanlegt.

[3141-007] – Hleðsla - óþekkt

Nokkrum metrum innan við þar sem bæjarlækurinn rennur út í Fossána er náttúrulegt ferhyrnt skarð í klettinum. Í skarðinu mátti greina steinhleðslu í og við náttúrulega vegg skarðsins. Stutt neðan við minjarnar, niður við Fossána er heimild um þvottastað [SM-213:077] (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2018). Ekki er fyllilega ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjóna.



Mynd 8. Hleðsla [3341-007], mynd tekin til vesturs.

Niðurstöður

ID	Tegund	Hlutverk	Hætta v. tilefnis	Ástand	Verndun	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3341-001	hleðsla	rétt	hætta	vel greinanlegar	friðað	1800-1920	714147,5	484945,2
3341-002	tóft	híbýli	hætta	vel greinanlegar	friðað	1550-1900	715295	482172,3
3341-003	hleðsla	útihús	hætta	vel greinanlegar	friðað	1900-1980	715293,9	481886,9
3341-004	gata	leið	hætta	greinanlegar	friðað	1905-1950	715222,8	481764,8
3341-005	gata	leið	hætta	greinanlegar	annað	1950-1980	714929,4	480566
3341-006	niðurgröftur	brunnur	engin hætta	illgreinanlegar	friðað	1900-1980	714155,5	480336,1
3341-007	hleðsla	óþekkt	engin hætta	vel greinanlegar	friðað	1800-1950	714023,1	480453,4

Tafla 1. Tafla yfir skráðar minjar.

Í og við skráningarsvæðið voru skráðar sjö minjar og teljast fimm þeirra í hættu vegna framkvæmdanna. Ein af þeim fimm minjum sem telst í hættu, gata [3341-005], uppfyllir ekki þau aldursskilyrði til þess að teljast til friðaðra fornleifa. Að mestu leyti eru þær minjar sem skráðar voru nú frá lokum 19.- og upphafi 20. aldar utan við smákotið Höskuldartættur. Tvennar skráðar minjar vitna um samgöngur við Fossárvík. Fossáin var farartálmi fyrir ferðamenn á flóði áður en áin var brúuð en fyrir það höfðu menn um þrjá valkosti að velja til að komast yfir. Það var að bíða fjöru, sundríða ána eða þræða krókótt einstigi Fossárklifs að Eiríksstöðum, ríða ána þar á vaði og teyma hestana niður grýttar skorur (Ármann Halldórsson 1976:406). Ásamt þeim fimm minjum í hættu sem skráðar voru nú eru fimm áður skráðar minjar innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Er í öllum tilvikum um að ræða heimild um minjar sem eru horfnar eða sjást ekki. Í Viðauka I. er fjallað um minjar í hættu í samhengi við framkvæmdirnar og lagðar til mótvægisáðgerðir svo takmarka megir rask á minjunum.

Heimildaskrá:

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson. (1976). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, (2000). *Múlasýslur, sýslu og sóknalýsingar*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík

Guðmundur Ólafsson. (1998). *Hringvegur um Fossárvík, mat á umhverfisáhrifum*. Rannsóknarskýrslur Fornleifadeildar. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Herforingjaráðskort - Navne til Bl. 105 NÖ (og del af 105 SÖ og 105 NV. Suður-Mýlasýsla, Djúpavogs

Hermann Guðmundsson (1976): Örnefnaskrá Eiríksstaðir, Eyjólfsstaðir og Víðines – Berufjörður. Örnefnastofnun

Ingimar Sveinsson. (2004). Troðnar slóðir við Berufjörð, vélknúin tæki brjótast fyrir fjarðarbotn í *Skaftfellingur, þættir úr Austur-Skaftafellssýslu*. ritstjóri Sigurður Örn Hannesson 17. Argangur.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Lilja Laufey Davíðsdóttir. (2018). *Fossárvík í Berufirði, Aðalskráning fornleifa á Eyjólfsstöðum og Eiríksstöðum og fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits við neðsta hluta Fossár*. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík. FS717-18141

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Nanna Guðmundsdóttir: Örnefnaskrá Beruneshrepps – Berufjörður. Örnefnastofnun

Ragnheiður Traustadóttir og Indriði Skarphéðinsson. (2021). *Vegur yfir Öxi, fornleifaskráning*. Antikva ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2023). *Fornleifaskráning fyrir RARIK vegna línulagnar frá Núpi að Melshorni, Berufirði, Múlaþingi*. Sagnabrunnur ehf.

Túnakort – Berufjörður, Beruneshreppur í Suður-Múlasýslu. (1919), Teiknari: Þorsteinn Stefánsson.


Túnakort – Eyjólfstaðir, Beruneshreppur í Suður-Múlasýslu. (1919), Teiknari: Sigmar B. Guttormsson Þormar.

Þóra Pétursdóttir, Ásta Hermannsdóttir og Lís Rut Björnsdóttir. (2008). *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Öxi og í botni Berufjarðar*. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík. FS403-08061

Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis

Af þeim sjö minjum sem skráðar voru við fornleifaskráningu nú teljast fimm í hættu vegna framkvæmdanna. Ásamt þeim eru fimm minjar úr fyrri fornleifaskráningu á skráningarsvæðinu sem einnig stafa hættu af framkvæmdunum. Í öllum tilvikum er lega strengsins innan 15 m friðhelgi minjanna en kemur ekki til með að liggja í gegnum þær. Verður hér farið yfir þær minjar sem koma til með að verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum og lagðar til mótvægisáðgerðir til að lágmarka það risk sem af þeim gæti hlotist. Það er Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Berufjörður




Kort 1. Legi strengs og áhrifsvæði hans við Rétt [3341-001].

Stutt utan við Krosslæk, við túnendann innan við Berufjarðarbæinn er grjóthlaðin rétt [3341-001]. Fyrirhuguð lega strengsins kemur til með að liggja innan 15 m friðhelgi minjanna, um 10 m vestan við þær. Eru minjarnar þess eðlis að ólíklegt verður að teljast að frekar minjar leynist þar undir sverði. Er hér lagt til að merkt verði fyrir minjunum á meðan framkvæmdum stendur til að fyrirbyggja að risk verði á þeim.

Lindarbrekka

Þar sem fyrirhuguð lega strengsins liggur ofan og utan við Lindarbrekku eru þrjár minjar sem teljast í hættu vegna framkvæmdanna. Um er að ræða kotbýlið Hjalla eða Höskuldartættur [3341-002], útihús [3341-003], og götu [3341-004].




Kort 2. Legu strengs og áhrifsvæði hans við Höskuldartættur [3341-002].

Fyrirhuguð lega strengsins kemur til með liggja innan 15 m friðhelgi Höskuldartóttu [3341-002], um 12 m frá minjunum. Er það mat skráanda að ákjósanlegast væri að hníkra legu strengsins um þrem metrum austur og fá þannig legu hans út fyrir friðhelgi minjanna. Reynist það ekki fýsilegt er lagt til að merkt verði rækilega fyrir minjunum á meðan framkvæmdum stendur.

Minjar [3341-003 & -004] eru staðsettar stuttu utar, utan við bæjarhúsin á Lindarbrekku. Um er að ræða minjar útihúss og gamallar götu. Leifar útihússins [3341-003] eru staðsett um 13 m suðaustan fyrirhugaðrar legu strengsins og kemur hann því til með að liggja innan friðhelgi minjanna. Gata [3341-004] liggur á um 300 m kafla, við suðaustur enda hennar er fyrirhuguð lega strengsins um 8,5 m frá minjunum og innan friðhelgi þeirra. Liggur strengurinn þarna um stórgrýttar skriður og trúlega lítið svigrúm til breytinga á legu hans. Kemur strengurinn


ekki til að raska minjunum beint og er það mat skráanda að nægilegar mótvægisaðgerðir séu að merkt verði fyrir minjunum á framkvæmdartíma og tryggt að þær verði ekki fyrir raski.



Kort 3. Lega strengs og áhrifasvæði hans við götu [3341-004] og útihús [3341-003].

Eyjólfsstaðir

Í landi Eyjólfsstaða eru fimm minjar skráðar í fyrri fornleifaskráningu á svæðinu sem lenda innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar legu strengsins. Í öllum tilfellum er um heimild um fornleifar að ræða og ekki sjást nein merki þeirra á vettvangi. Þetta er: heimild um myllu [SM-213:048], heimild um þvottastað [SM-213:077], heimild um útihús [SM-213:004], heimild um náthaga [SM-213:019], og heimild um leikvöll [SM-213:017] (Lilja Laufey Davíðsdóttir 2018). Í tilfelli útihúss [SM-213:004] eru minjarnar nú horfnar undir bílastæði, náthagi [SM-213:019] horfin í túnsléttun og engin merki myllu [SM-213:048] sáust á vettvangi innan skráningarsvæðisins. Engar greinilegar minjar voru við þvottastað [SM-213:077] og leikvöll [SM-213:017]. Ekki er talin þörf á mótvægisaðgerðum vegna minjanna við Eyjólfsstaði.



Kort 4. Lega strengs og áhrifasvæði hans við Eyjólfsstaði.

Samantekt

Fimm af þeim minjum sem skráðar voru við fornleifaskráningu nú og fimm minjar skráðar í fyrri skráningum eru innan áhrifasvæði framkvæmdanna. Þörf er á að grípa til mótvægisáðgerða vegna minja í hættu í fjórum tilfellum. Við minjar [3341-001, -003 & -004] er lagt til að merkt verði rækilega fyrir minjunum á framkvæmdartíma svo koma megi í veg fyrir að rask verði á þeim. Í tilfalli [3341-002] er lagt til að legu strengsins verði hnikrað lítillega til austurs, fjær minjunum.

Hér verið gerð grein fyrir þeim minjum sem stafar hættu af framkvæmdunum og lagðar til mótvægisáðgerðir. Það er þó Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir hefjast og er það stofnunarinnar að setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Minjakort



Berufjörður

3341-001

Berufjörður 2

Berufjörður 1

Hvannabrekka

3341-002

Lindarbrekka

3341-004

3341-003

Eyjólfstaðir

SM-213:048

SM-213:077

SM-213:019

3341-006

SM-213:017

3341-005

Minjar

Bæir

Skráningarsvæði

0

1

2

3 km

Sagnabrunnur ehf